



Starfsleyfi fyrir Al, álvinnslu hf., Helguvík, Reykjanesbæ

Kt. 590398-2099

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Al, álvinnslu hf., kt. 590398-2099, til að vinna ál úr álgjalli með því að bræða það í ofni. Alur, álvinnsla hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að vinna ál með ferlum sem ekki fela í sér saltmeðhöndlun, úr allt að 12.000 tonnum á ári af álgjalli auk þjónustu fyrir eigin starfsemi. Meðhöndun gjallsands og síuryks í skolgryfju til að draga úr umhverfisáhrifum efnisins er aðeins heimil með samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. grein 2.13.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta fánlega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferrous Metals Industries, December 2001“. Einnig skal hafa hliðsjón af „Draft Reference Document on Best Available Techniques for the Non Ferrous Metals Industries, Draft July 2009“.

Verði breytingar á bestu fánlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.8.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um upphaf rekstrar. Verði rekstri verksmiðjunnar eða verulegs hluta hennar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis þessa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um



fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara og um þær ráðstafanir sem gripið er til í þeim tilgangi að halda umhverfisáhrifum stöðvunarinnar í lágmarki.

1.6 Endurgangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila áður en verksmiðjan eða verulegur hluti hennar er tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. gr. 1.3.

1.8 Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.9 Valdsvið og þvingunarúrræði

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili og Umhverfisstofnun skulu kynna almenningi niðurstöður samráðsfundar sbr. gr. 4.9.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

2.1 Eldsneyti og móttekið hráefni

Innihald brennisteins í eldsneyti skal vera í samræmi við gæði eldsneytis á innlendum markaði. Nota skal súrefnisbrennara til að brenna það eldsneyti sem nýtt er til að hita ofn.

Rekstraraðili skal stuðla að því að innihald flúors í hráefni sé í lágmarki og að það sé ekki mengað umfram afkastagetu mengunarvarna.

2.2 Móttaka hráefna

Rekstraraðili skal setja skýrar reglur um hvaða hráefni megi senda til vinnslu í verksmiðjunni. Fylgjast skal með eiginleikum þeirra og álinnihaldi hversrar sendingar.

Heimilt er að vinna úr álgjalli þar sem álinnihald er 20% að lágmarki. Umhverfisstofnun getur þó samþykkt vinnslu álgjalls með lægra álinnihaldi að fengnu mati rekstraraðila á áhrifum á myndun úrgangs og annarri losun mengunarefna. Álinnihald álgjalls skal metið og skráð. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að yfirliti um skráningu álinnihalds. Útbúa skal öryggisblöð um hráefnið sbr. grein 2.17.

2.3 Hráefna- og vörugeymslur

Geymsla hráefna skal ekki valda mengun. Álgjall skal flytja í flutningabílum að athafnasvæði rekstraraðila í lokuðum og læstum gámum. Gámarnir skulu vera ryk- og vatnsheldir. Hráefni sem geta fokið skulu vera í lokuðum geymslum.

LOFT

2.4 Hreinsun útblásturs

Rekstraraðili skal koma í veg fyrir lyktarmengun í umhverfi verksmiðjunnar. Rekstraraðili skal hreinsa ryk og fínefni sem myndast við framleiðsluna, t.d. með því að starfrækja reykhreinsivirki með pokasíum eða nota annan búnað til að fanga efnið.

Síuryki frá hreinsuninni skal safnað saman. Farga skal síuryki eða endurnýta, sbr. greinar 2.13 og 2.14.

2.5 Útbásturloft

Rykmagn í útblásturslofti skal ekki fara yfir 20 mg/Nm³ miðað við eðlilegt loftmagn frá starfsemi. Skorsteinahæð og útblásturshraði skulu duga til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um loftgæði.

2.6 Önnur loftmengun

Rekstraraðili skal leitast við að takmarka ammóníakslosun þannig að ammóníakslykt berist ekki út fyrir athafnasvæðið.

VATN

2.7 Nýting á vatni

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

2.8 Fráveitur

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Seyru og annan úrgang í hreinsibúnaði fráveitu, skal fjarlægja eftir þörfum. Meðhöndla skal slíkt efni skv. ákvæðum greinar 2.14.

2.9 Lagdir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem unnið er með olíu skal

fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna fyrirvaralaust hvort þær leki.

2.10 Olíuskiljur

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt í olíuskilju. Gott aðgengi skal vera til sýnatöku vegna frárennslis frá þeim.

ÚRGANGUR

2.11 Almennt

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu úrgangs, svo sem gjallsands og síuryks. Úrgangsmeðhöndlun skal samrýmast lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

2.12 Spilliefni

Skila skal til viðurkenndrar spilliefnamóttöku þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni, sbr. þó grein 2.13. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum, svo sem ómeðhöndluðum gjallsandi, sbr. grein 2.13.

2.13 Meðhöndlun gjallsands og síuryks

Umhverfisstofnun getur heimilað rekstraraðila að meðhöndla gjallsand og síuryk í skolgryfjum. Óski rekstraraðili eftir að meðhöndla gjallsand og síuryk skal hann leggja fram eftirfarandi:

- a) Greinargerð um að meiri ávinningur sé fyrir umhverfið að meðhöndla gjallsandinn, s.s. með skolgryfjum, en að láta það ógert,
- b) greinargerð um að mengunarefni hvarfist og skolist til sjávar og að ekki sé möguleiki á að grunnvatn mengist vegna meðhöndlunarinnar,
- c) teikningar af búnaði eða skolgryfju,
- d) framkvæmdalýsingu um verklag,
- e) niðurstöður mælinga á efni eftir að meðhöndlun er lokið,
- f) sýnatökuáætlun á efni eftir hlutleysingu og
- g) ráðstöfun úrgangsins að lokinni meðhöndlun.

Umhverfisstofnun metur framlögð gögn og tekur afstöðu til hvort unnt sé að verða við ósk rekstraraðila.

Ráðstöfun meðhöndlaðs gjallsands og síuryks er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal upplýsa stofnunina um fyrirhugaða ráðstöfun úrgangsins sem og fyrirkomulag og tíðni mælinga. Umhverfisstofnun metur framlögð gögn og tekur afstöðu til hvort unnt sé að fallast á fyrirhugaða ráðstöfun úrgangsins.

Sé notuð önnur tækni en skolgryfjur skal það tilkynnt sbr. grein 1.4. Umhverfisstofnun getur sett skilyrði um aðra tækni.

2.14 Annar úrgangur

Almennan framleiðsluúrgang, síuryk, sorp og umbúðir skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Varanleg geymsla, urðun og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

ANNAÐ

2.15 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

2.16 Upplýsingaöflun vegna PCDD/PCDF efna (díoxína og fúrana)

Rekstraraðili skal gera greinargerð um mögulega mengun vegna PCDD/PCDF efna (díoxína og fúrana) í framleiðsluferlinu og gera mælingar á styrk þeirra í útblæstri. Rekstraraðili skal gera grein fyrir mögulegri mengun af þessu tagi. Mælingar skulu auk þess fara fram í jarðvegi í nágrenni starfstöðvar rekstraraðila og í síuryki. Síðasti skiladagur fyrir greinargerðina og mælingar er 30. september 2011.

Umhverfisstofnun metur á grundvelli upplýsinganna hvort þörf sé á endurskoðun ákvæða starfsleyfisins sbr. grein 1.8 og getur einnig farið fram á frekari vöktun.

2.17 Öryggisblöð

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Eftirlitsmælingar

Rekstraraðili skal koma upp vöktunarkerfi til að fylgjast með og mæla virkni hreinsiaðferða og -búnaðar. Gott aðgengi skal vera til sýnatöku og mælinga. Tillögu að vöktunarkerfi skal setja saman og senda Umhverfisstofnun fyrir 1. desember 2011. A.m.k. árlega skal mæla útblástur, sbr. grein 2.5, og skal mælingum hvers árs vera lokið og niðurstöður sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. júlí.

Mælingar skal gera vegna ráðstöfunar meðhöndlaðs gjallsands og síuryks ef við á.

Þrýstiprófanir á lögnum skulu fara fram á a.m.k. 5 ára fresti.

Hljóðstig, sbr. grein 2.15, skal athuga á amk. fimm ára fresti eða eftir breytingar á rekstri. Fyrst hljóðstigmæling skal fara fram fyrir árslok 2015.

Eftirlitsaðili getur farið fram á mælingar á styrk ammóníaks í andrúmslofti.

3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar.



- Tæmingu olúgildra ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim.
- Niðurstöður mælinga sem krafist er samkvæmt grein 3.1.
- Úrgangsskráningu sbr. grein 2.11.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar sbr. grein 2.12, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Prófun og kvörðun mælibúnaðar.
- Niðurstöður hávaðamælinga sbr. greinar 2.15 og 3.1.
- Útblástursmælingar sbr. grein 2.5 og 3.1.
- Mælingar vegna ráðstöfunar meðhöndaðs gjallsands og síuryks sbr. grein 3.1
- Skráning á eiginleikum hráefna, sbr. greinar 2.1 og 2.2.

3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun sjávar og andrúmslofts og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

4.6 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.9 Samráðsfundur

Árlega skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit yfir framgang skilyrða starfsleyfisins. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftast ef ástæða er til.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram í síðasta lagi 6 mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Umhverfisstofnun skal fá drög að vöktunaráætlun til samþykktar.

5.2 Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.3 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt greinum 5.1 og 5.2 fyrir 1. maí ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum og skráningum skv. grein 3.1 og 3.2.

5.4 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni verksmiðjunnar samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. eftirlitsflokk samkvæmt grein 2.5.a) í I. viðauka í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.



7. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 2023.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir Al, álvinnslu hf. sem gefið var út 21. október 2003.

Reykjavík 1. september 2011

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Gunnlaug Einarsdóttir
sviðsstjóri